

# Verkefni til að auka kosningaþátttöku

Kynning fyrir Stjórnkerfis -og lýðræðisráði

7.maí 2018

# Kosningaþátttaka

**1.1 Ungt fólk**

Frá 2014 hefur Hagstofa Íslands kallað eftir upplýsingum um kjörsókn eftir aldri. Kjörsóknin í tveimur yngstu aldurshópunum hefur þróast svona síðan í sveitarstjórnarkosningum 2014:

| | Heildarkjörsókn | Kjörsókn 18-19 ára | Kjörsókn 20-24 ára |
|---|---|---|---|
| Sveitarstjórnarkosningar 2014 | 66,5% | 51,9% | 45,4% |
| Forsetakjör 2016 | 75,7% | 63,8% | 63,1% |
| Þingkosningar 2016 | 79,2% | 68,7% | 65,7% |
| Þingkosningar 2017 | 81,2% | 75,2% | 69,6% |

Ungt fólk

Innflytjendur

| | Kjósendur á kjörskrá | | | Kosningaþátttaka % | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Erlendir alls | Norrænir | Aðrir erlendir | Erlendir alls | Norrænir | Aðrir erlendir |
| 2006 | 4.391 | 936 | 3.455 | 40,4 | 62,5 | 34,4 |
| 2014 | 10.183 | 1.016 | 9.167 | 21,0 | 56,7 | 17,0 |

| | Kjörsókn eftir kynjum og aldri í % | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **65-69 ára** | | **70-74** | | **75-79** | | **80+** | |
| | **KVK** | **KK** | **KVK** | **KK** | **KVK** | **KK** | **KVK** | **KK** |
| Borgarstjórnarkosningar 2014* | **79,4** | **78,8** | **77,3** | **82,6** | **74,1** | **81,1** | **57,0** | **70,8** |
| Forsetakjör 2016 | **89,2** | **84,9** | **88,0** | **86,3** | **85,1** | **85,4** | **70,2** | **76,5** |
| Þingkosningar 2016 | **89,7** | **90,7** | **88,0** | **90,0** | **84,5** | **88,8** | **68,5** | **78,8** |
| Þingkosningar 2017 | **91,1** | **91,2** | **90,5** | **91,6** | **87,3** | **90,2** | **72,8** | **83,0** |

Konur 80 ára og eldri

# Aðgerðir fram í maí

| | | Aðgerðir | Ábyrgð | Starfsmaður | Samstarf |
|---|---|---|---|---|---|
| **1.** | | **Upplýsingar um borgarstjórnarkosningar - tillaga 1** | | | |
| | **1.1.** | Safna upplýsingum um sveitastjórnarstigi, | MAR | Hrefna | SBO |
| | **1.2.** | Safna upplýsingum um kosningarétt. | MAR | Barbara | SBO |
| | **1.3.** | Safna upplýsingum um kjörstaði | MAR | Hrefna | SBO |
| | **1.4.** | Safna almennum upplýsingum um flokka | MAR | | |
| | **1.5.** | Upplýsingar um stefnumál flokka. | ÉGKÝS | | SBO |
| | **1.6.** | Upplýsingar settar upp eftir aðferðarfræði um aðgengilegar upplýsingar | MAR | | Sigurður |
| **2.** | | **Vefsiða - tillaga 2** | | | |
| | **2.1** | Hanna vefsiðu | MAR | | Égkys |
| | **2.2** | Senda texta til þýðingu - auðskilið mál, pólska, enska | MAR | | |
| **3** | | **Dreifing upplýsinga** | | | |
| | **3.1.** | Kynningarherferð | Uppl | | |
| | **3.2.** | Bréf til nýrra kjósenda | Uppl | | |
| | **3.3.** | Bréf til kvenna 80 ára og eldri | Uppl | | Öldungaráð |
| | **3.4.** | Dreifibréf í götur | Uppl | | |
| **4** | | **Samstarf við Háskóla Íslands - tillaga 4** | MAR | Hrefna | |
| **4.** | | **Stuðningur við þjónustunotendur Velferðarsvið Rvk** | MAR | Tómas | VEL |
| | **4.1** | Hafa samband við Velferðasvið (TIA) | MAR | Tómas | |
| | **4.2** | Undirbúa námskeið fyrir stuðningsfulltrúa um hverning best megi aðstoða þjónustunotendum við að nýta kosningaréttin. | MAR | Tómas | SBO |
| | **4.3** | Halda námskeið | MAR | Tómas | SBO |
| **5.** | | **Tillögur sem til heyra framkvæmdaraðilia kosninga** | | | |
| | **5.1** | Söfnun á gögnum um kosningaþátttöku innflytjenda | SBO | | |
| | **5.2** | Upplýsingablað til stjórnmálahreyfinga | SBO | Hildur | |
| | **5.3** | Upplýsingasími (íslenska enska, pólska) | SBO | | |
| | **5.4** | Kynning á símanúmeri fyrir hópa | SBO | | |
| | **5.5** | Starfsfólk í gulum vestum | SBO | | |
| | **5.6** | Símanúmer um aðgengismál | SBO | | |
| | **5.7** | Styrkjapottur hjá SBO fyrir grunnskóla | SBO | | |
| | **5.8** | **Bókamerki með merkjum og listabókstöfum framboða** | MAR | | |

# Kosningaþátttaka fatlaðs fólks

Stuðningur við þjónustunotendur velferðarsviðs.

Fræðslufundur með starfsmönnum velferðarsviðs sem starfa á sambýlum og íbúakjörnum fatlaðs fólks.



#ÉGKÝS

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR | REYKJAVÍKURBORG | SKUGGAKOSNINGAR | #ÉGKÝS | EN/PL

REYKJAVÍKURBORG

FORSÍÐA » SVEITARFÉLÖG » REYKJAVÍKURBORG

## REYKJAVÍKURBORG – HÖFUÐBORG ÍSLANDS

Reykjavík er höfuðborg Íslands, er fjölmennasta sveitarfélag landsins og er eina borgin. Þannig er Reykjavíkurborg efnahags-, menningar- og stjórnmálaleg þungamiðja Íslands.

Í borgarstjórn Reykjavíkur sitja 15 borgarfulltrúar sem kjörnir eru lýðræðislega af íbúum á fjögurra ára fresti. Samfylkingin, Björt framtíð, Vinstri grænir og Píratar mynda meirihluta borgarstjórnar. Dagur B. Eggertsson úr Samfylkingu er borgarstjóri.

Vefur Reykjavíkurborgar

## AF HVERJU Á ÉG AÐ KJÓSA?

Reykjavíkurborg sinnir málaflokkum eins og grunnskólum, leikskólum, bókasöfnum, félagsþjónustu og þjónustu við fatlað fólk. Reykjavíkurborg sér líka um sundlaugar, rekstur strætó, sorphirðu, snjómokstur og götulýsingu.

Það er því mikið hagsmunamál fyrir alla íbúa Reykjavíkur að nýta kosningarétt sinn og kjósa þá fulltrúa sem þeir treysta til að taka ákvarðanir um þessi mikilvægu mál.

LESA MEIRA UM VERKEFNI REYKJAVÍKURBORGAR | Framboð í Reykjavík

126041 íbúar — í Reykjavík

23 fulltrúar — í borgarstjórn

14 — framboð

#ÉGKÝS




#ÉGKÝS

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR | REYKJAVÍKURBORG | SKUGGAKOSNINGAR | #ÉGKÝS | EN/PL

## MÁ ÉG KJÓSA?

Má ég kjósa í borgarstjórnarkosningum?

### ÍSLENSKUR RÍKISBORGARI

- Ef þú ert 18 ára eða eldri
- Ert með lögheimili í Reykjavík fyrir 5. maí 2018

**Þú þarft ekki að skrá þig sérstaklega til að kjósa nema þú sért í námi á Norðurlöndum og með lögheimili þar.**

### ERLENDUR RÍKISBORGARI

- Ef þú ert 18 ára eða eldri
- Ef þú hefur skandinavískt ríkisfang (danskt, sænskt, norskt eða finnskt) og hefur verið með lögheimili á Íslandi samfellt í 3 ár.
- Ef þú hefur annað ríkisfang og hefur verið með lögheimili á Íslandi samfellt í 5 ár.
- Ert með lögheimili í Reykjavík fyrir 5. maí 2018

**Þú þarft ekki að skrá þig sérstaklega til að kjósa.**





## HVERNIG KÝS ÉG?

Kjörstaðir verða opnir frá 09:00 – 22:00 á kjördag, 26. maí.

Þegar þú ert komin/kominn á kjörstað sýnir þú vegabréf eða skírteini með mynd og kennitölu. Starfsmaðurinn merkir þá við nafn þitt, réttir þér kjörseðil og vísar þér á lausan kjörklefa.

Í kjörklefanum er blýantur sem þú notar og **merkir x** í kassann fyrir framan listabókstaf þess flokks sem þú vilt kjósa. Þegar þú hefur kosið skilar þú kjörseðlinum í kjörkassann.

## HVAR KÝS ÉG?

**Þú kýst í þínu hverfi. Kjósendur geta séð hvar þeir kjósa eftir 5. maí.**

**Kjörstaðir í Reykjavík eru:**

| | |
|---|---|
| Árbæjarskóli | Kjarvalsstaðir |
| Breiðagerðisskóli | Klébergsskóli |
| Hagaskóli | Laugalækjarskóli |

# Hvað á ég að kjósa?







## Enska, Pólska

**Verkefni sveitarfélagsins**
**Má ég kjósa**
Hvar kýs ég(tengill)
Er ég á kjörskrá(tengill)
**Hvernig kýs ég**
Stefnumál
stjórnmálaflokka(tengill)



# Auglýsingaherferð









# Bréf

Ungir kjósendur
7.000-8.0000

Konur 80 ára og eldri
2.900

Innflytjendur með kosningarétt í borgarstjórnarkosningum
1000 til 2000 (12% 14.000 /6000)

# Leyfi vegna einstakra þátta

Upplýsingar úr kjörskrám fyrir kosningar:

*Konur 80 ára og eldri.*

*Innflytjendur og erlendir ríkisborgarar sem hlotið hafa kosningarétt frá síðustu sveitarstjórnarkosningum.*

*Ungir kjósendur sem kjósa í fyrsta skipti í sveitarstjórnarkosningum.*

Erindi sent til Þjóðskrár.

Upplýsingar um kosningaþátttöku:

Erindi til yfirkjörstjórnar – Vísað til Hagstofu.

Erindi sent Hagstofu.  Fundað með RVK & HÍ þann 8.maí.

Undanþága frá banni gegn óumbeðnum fjarskiptum- SMS sendingar til ungra kjósenda:

Erindi til yfirkjörstjórnar – Vísað til PFS.

Erindi til Póst- og fjarskiptastofnunar - Ekki heimilt að veita undanþágu frá 46.gr. fjarskiptalaga.

Erindi til Persónuverndar.

# Samstarf við HÍ

- ✓ Samanburðarararrannsókn á virkni ákveðinna skilaboða.
- ✓ Markpóstur á öll þau ungmenni sem nú eru að kjósa í fyrsta sinn í sveitastjórnarkosningum.
- ✓ Fimm mismunandi áherslur verða í markpóstinum, byggt á niðurstöðum fyrri rannsókna á því hvers konar efni er líklegast til þess að hvetja fólk á kjörstað
- ✓ Mögulegar SMS sendingar

Markmið með rannsókninni er að auka þekkingu til framtíðar hvernig virkja á þá hópa sem kjósa síður.

# Ólík skilaboð

Bréf 1/4 – Neikvæð viðmið

Kæri nýi kjósandi [Þórhildur Jónsdóttir]

Til hamingju með að tilheyra nú í fyrsta sinn hópi kjósenda í borgarstjórnarkosningum!

Kjörsókn meðal ungs fólks hefur farið ört minnkandi á undanförnum árum og í síðustu borgarstjórnarkosningum árið 2014 var hún **ekki nema 45%** meðal 18-22 ára kjósenda.

Þú getur lagt þitt af mörkum til þess að snúa þessari þróun við og hækka kjörsókn meðal ungs fólks með því að mæta á kjörstað þann 26. maí.

Hagnýtar upplýsingar:
Kosningarnar fara fram laugardaginn 26. maí, frá 8-22 og er þinn kjörstaður [Breiðagerðisskóli]. Þú þarft að mæta með skilríki með mynd. Á kjörstað merkir þú síðan við eitt framboð með X.

Kynntu þér framboðin og helstu viðfangsefni Reykjavíkurborgar á egkys.is.

Nýttu þér X-ið þitt!

Bréf 2/4 – borgaraleg skylda

Kæri nýi kjósandi [Þórhildur Jónsdóttir]

Til hamingju með að tilheyra nú í fyrsta sinn hópi kjósenda í borgarstjórnarkosningum!

Kosningaréttinum fylgir mikil ábyrgð, og með því að kjósa sinnir þú lýðræðislegri skyldu þinni, eins og mikill meirihluti Íslendinga gerir í hverjum kosningum. Ef fólk eins og þú mætir ekki á kjörstað þá er lýðræðinu ógnað.

Gerðu skyldu þína sem íbúi Reykjavíkur og kjóstu þann 26. maí!

Hagnýtar upplýsingar:
Kosningarnar fara fram laugardaginn 26. maí, frá 8-22 og er þinn kjörstaður [Breiðagerðisskóli]. Þú þarft að mæta með skilríki með mynd. Á kjörstað merkir þú síðan við eitt framboð með X.

Kynntu þér framboðin og helstu viðfangsefni Reykjavíkurborgar á egkys.is.

Nýttu þér X-ið þitt!

Bréf 4/4 - sjálfstiltrú

Kæri nýi kjósandi [Þórhildur Jónsdóttir]

Til hamingju með að tilheyra nú í fyrsta sinn hópi kjósenda í borgarstjórnarkosningum!

Ungt fólk hefur skoðanir og hagsmuni sem er mikilvægt að koma á framfæri í kjörklefanum. Þó nýir kjósendur hafi ekki langa reynslu af kosningum eru þeir nákvæmlega jafnhæfir og þeir sem eldri eru til þess að leggja mat á hvað skiptir þá mestu máli og kjósa til samræmis við það. Með því að kjósa leggur þú þitt af mörkum til að tryggja að rödd ungs fólks heyrist.

Hagnýtar upplýsingar:
Kosningarnar fara fram laugardaginn 26. maí, frá 8-22 og er þinn kjörstaður [Breiðagerðisskóli]. Þú þarft að mæta með skilríki með mynd. Á kjörstað merkir þú síðan við eitt framboð með X.

Kynntu þér framboðin og helstu viðfangsefni Reykjavíkurborgar á egkys.is.

Nýttu þér X-ið þitt!

Bréf 3/4 - þakkir

Kæri nýi kjósandi [Þórhildur Jónsdóttir]

Til hamingju með að tilheyra nú í fyrsta sinn hópi kjósenda í borgarstjórnarkosningum!

KÆRAR ÞAKKIR! Lýðræðið veltur á því að fólk eins og þú fylgist með stjórnmálum og leggir þitt af mörkum. Við kunnum að meta þitt framlag. Við minnum þig jafnframt á að borgarstjórnarkosningarnar fara fram laugardaginn 26. maí, 2018.

Hagnýtar upplýsingar:
Kosningarnar fara fram laugardaginn 26. maí, frá 8-22 og er þinn kjörstaður [Breiðagerðisskóli]. Þú þarft að mæta með skilríki með mynd. Á kjörstað merkir þú síðan við eitt framboð með X.

Kynntu þér framboðin og helstu viðfangsefni Reykjavíkurborgar á egkys.is.

Nýttu þér X-ið þitt!